

## Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.

Þjóminjasafni Íslands, 20. maí 2015, kl. 14:00.

1. Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara: Anna Lís Rúnarsdóttir formaður stjórnar Rekstrarfélags Sarps (RS) setti fundinn kl. 14.10. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp um að Erla S. Árnadóttir yrði fundarstjóri og Guðbrandur Benediktsson fundarritari. Var það einróma samþykkt.
2. Fundarstjóri tekur við fundarstjórn: Fundarstjóri tók til máls og lýsti fundinn löglega boðaðan og fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna, kosningarétt og umboð.

### Mæting sameignaraðila á aðalfund RS 2015

	Eignarhlutur samþykktir		Nafn þess sem fer með umboð
	2014	2015	
Þjóðminjasafn Íslands	32,0	32,0	Anna Lís Rúnarsdóttir
Borgarsögusafn (áður Minjasafn Reykjavíkur)	10,0	10,0	Guðbrandur Benediktsson
Listasafn Íslands	7,5	7,5	Dagný Heiðdal
Minjasafnið á Akureyri	4,5	4,5	Haraldur Þór Egilsson
Byggðasafnið Skógum	4,5	4,5	Sveinbjörg Sveinsdóttir
Meningarmiðstöð Þingeyinga	2,0		
Byggðasafn Skagfirðinga	2,5		
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	2,0	2,0	Lýður Pálsson
Listasafn Kópavogs Gerðarsafn	2,0	2,0	Kristín Dagmar Jóhannesdóttir
Hafnarborg	2,0		
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	2,0		
Meningarmiðstöð Hornafjarðar	1,5		
Síldarminjasafn Íslands	1,5		
Minjasafn Austurlands	3,0	3,0	Sveinbjörg Sveinsdóttir
Listasafn Reykjanesbæjar	1,5	1,5	Hulda Björk Þorkelsdóttir
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1,5	1,5	Sigrún Ásta Jónsdóttir
Safnahús Borgarfjarðar	1,5		
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1,5		
Nýlistasafnið	1,0	1,0	Eva Ísleifsdóttir
Byggðasafnið Akranesi	1,5		
Örnefnasafn Árnastofnunar	1,5	1,5	Margrét Valmundardóttir
Hönnunarsafn Íslands	1,0	1,0	Þóra Sigurbjörnsdóttir
Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoli	1,0		
Tækniminjasafn Austurlands	1,0	1,0	Sveinbjörg Sveinsdóttir
Listasafn ASÍ	1,0	1,0	Dagný Heiðdal
Byggðasafn Garðskaga	1,0		
Minjasafnið Bustarfelli	1,0		
Byggðasafn Vestfjarða	1,0		
Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1,0		
Byggðasafnið Reykjum	1,0		
Minjastofnun Íslands (áður húsafriðunarnefnd)	0,5	0,5	Sveinbjörg Sveinsdóttir
Ljósmyndasafnið Ísafirði	0,5		
Listasafn Árnesinga	0,5	0,5	Inga Jónsdóttir
Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti	0,5		
Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns	0,5		
Byggðasafn Dalamanna	0,5		
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0,5	0,5	Sveinbjörg Sveinsdóttir
Landbúnaðarsafn Íslands	0,5	0,5	Sveinbjörg Sveinsdóttir
Samtals	100,0	76,0	

LB 8/11

3. **Árskýrsla stjórnar RS:** Anna Lía Rúnarsdóttir formaður stjórnar RS kynnti skýrslu stjórnar RS árið 2014 (sjá viðhengi).
4. **Ársreikningar RS:** Dagný Heiðdal gjaldkeri stjórnar RS kynnti ársreikning RS (sjá viðhengi).
5. **Umræður:** Fundarstjóri bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga, ein fyrirspurn barst: Inga Jónsdóttir spyr um lækkun á rekstrarstyrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti milli ára úr 2,5 m. í 1,6 m. Sveinbjörg Sveinsdóttir svaraði því að ekki væri föst regla á styrkuppþæðum á milli ára. Einnig dreifast greiðslur rekstrarstyrkja á milli ára.
6. **Reikningar bornir undir atkvæði:** Voru þeir samþykktir samhljóða.
7. **Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:** Fundarstóri kynnti tillögu að skipan fulltrúa í fulltrúaráð og var hún samþykkt samhljóða.
  - Anna Lía Rúnarsdóttir, sviðstjóri rannsókn- og varðveislusviðs Þjms.
  - Anna María Urbancic, framkvæmdastjóri Listasafns Íslands
  - Dagný Heiðdal, deildarstjóri Listaverkadeildar Listasafns Íslands
  - Gerður Róbertsdóttir, verkefnisstjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur
  - Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri
  - Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafns Árnesinga
  - Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, formaður ráðsins
  - Margrét Valmundsdóttir, verkefnisstjóri örnefnasafns hjá SÁM
  - Pétur Kristjánsson, forstöðumaður Tækniminjasafns Austurlands
8. **Kosning endurskoðenda:** Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, löggiltur endurskoðandi hjá Fjárstoð ehf., yrði kosinn endurskoðandi ársreikninga. Var það samþykkt.
9. **Samþykktir RS og breytingar á þeim:** Anna Lía Rúnarsdóttir fjallaði um nýjar tillögur að nýjum samþykktum fyrir RS (sjá viðhengi). Fundarstjóri bauð upp á umræður, en engin fyrirspurn barst, svo gengið var til atkvæðagreiðslu um hverja tillögu fyrir sig:
  - **Tillaga 1:** Samþykkt samhljóða.
  - **Tillaga 2:** Samþykkt samhljóða.
  - **Tillaga 3:** Fundarstjóri gerði grein fyrir breytingatillögu sem barst frá lðnaðarsafninu á Akureyri. Að höfðu samráði við fundinn var hún ekki borin upp og dró safnið þess í stað tillöguna til baka. Tillaga 2 var borin óbreytt undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
  - **Tillaga 3:** Samþykkt samhljóða.
  - **Tillaga 4:** Samþykkt samhljóða.
  - **Tillaga 5:** Samþykkt samhljóða.
  - **Tillaga 6:** Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bauð Sveinbjörgu Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra, í pontu, að kynna tillögu að breytingu á gr. 2.3. í samþykktum RS, er varða eignarhlut sameignaraðila að RS (sjá nýjar samþykktir). Kynnti Sveinbjörg tillöguna og var hún því næst staðfest af fundinum.

#### Önnur mál:

10. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, kynnti umræður um gjaldskrárbreytingar. Töluverðar breytingar áttu sér stað á árunum 2013 og 2014 vegna breytinga sem urðu á rekstri félagsins. Vilji var til þess að halda gjaldskrárbreytingum í lágmarki árið 2015. Jafnframt var það vilji stjórnar að skoða möguleika í þessum efnum og tryggja rekstrargrundvöll Sarps og áframhaldandi þróun hans. Skipaður var vinnuhópur til að sinna því. Hugmyndir hópsins lúta að því að lægsta notendaleyfisgjald verði 120 þús. kr. á ári sem svarar til 10 þús. kr. á mánuði, að í gjaldskrá verði tekið mið af ársverkaþjölda eingöngu og að leitað verði leiða til að koma á þróunarsjóði í félaginu. Hópurinn mun starfa fram að aðalfundi 2016, en tillögur voru settar fram til kynningar á fundinum.

#### Umræður og spurningar um gjaldskrá:

Sigrún Ásta Jónsdóttir spurði um hvort besta leiðin væri stöðugildi, fremur en heildarvelta. SS sagði það hafa verið rætt mikið og sú verið niðurstaðan, enda aðgengileg opinber gögn hjá safnaráði um þetta.

Haraldur Þór Egilsson spurði um þróunarsjóðinn. SS og ALR svöruðu að hann væri framkvæmdasjóður. HPE spurði þá hvort verð kerfisins hafi verið metið. SS sagði að svo væri ekki.

Ágústa Kristófersdóttir spurði, með hliðsjón af stöðu höfuðsafna hvort gerð hefði verið ráð fyrir náttúruminjasöfnum í kerfinu. SS sagði nokkuð upp á það skorta, enda slík söfn ekki aðilar. Blönduð söfn, s.s. í Borgarnesi, eru með náttúruminjar inni, skráðar í munaskráningu.

Hulda Björk Þorkeldsdóttir lýsti yfir mikilli ánægju með störf stjórnar.

Anna Guðný Ásgeirsdóttir tók til máls um gjaldskrártillögur og mikilvægi þess að hafa möguleika að þróa kerfið og eiga til þess fjármagn.

Margrét Hallgrímsdóttir kvað sér hljóðs, rifjaði upp söguna og tók undir snjöll orð Önnu Guðnýjar.

Þorvaldur sagði frá reynslu Grasagarðsins í Laugardal og hvatti RS til að kynna sér það. Var því vel tekið.

Ágústa Kristófersdóttir lýsti því yfir hve mikill árangur hafi náðst á stuttum tíma og lagði til að klappað væri fyrir Sarpi, var það gert.

Anna Lís Rúnarsdóttir þakkaði góð viðbrögð við hugmyndum um þróunarsjóð og óskaði eftir frekari umræðu um tillögur vinnuhóps varðandi gjaldskrá.

Guðbrandur Benediktsson ítrekaði þá skoðun sína að gjaldskrárbreytingar mættu ekki vera of brattar á milli ára fyrir einstakar stofnanir.

Margrét Hallgrímsdóttir rifjaði upp mikilvægi styrks úr Minningarsjóði Philip Verrall til Þjóðminjasafnsins sem m.a. hefur nýst í opnun Sarps á vefnum.

Haraldur Þór Egilsson lýsti yfir ánægju með að hugmyndir séu uppi um að horfið sé frá mælingu með gagnamagn og SS tók undir þau orð, að fyrirkomulag mætti ekki vera letjandi eða lækka gæðaviðmið.


11. Skráningarráð: Sigurður Trausti Traustason fór yfir hugmyndir að störfum skráningarráðs Sarps og erindisbréf og kynnti að nánar yrði fjallað um það á sérstökum fræðslufundi að aðalfundi loknum. Tillaga um fulltrúa í skráningarráð var borin upp og samþykkt samhljóða:

- Anna Lía Guðmundsdóttir verkefnastjóri fornleifa hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur
- Hulda Björk Þorkelsdóttir verkefnastjóri hjá Safnamiðstöð Reykjanesbæjar
- Inga Lára Baldvinsdóttir safnvörður myndasafns hjá Ljósmyndasafni Íslands
- Steinar Örn Atlason sérfræðingur hjá Listasafni Íslands
- Þorvaldur Böðvarsson skráningarstjóri hjá Þjóðminjasafni Íslands.

12. Fundarstjóri bar upp tillögu um að fundarstjóri og fundarritari fengju heimild fundar til að ljúka fundargerð að loknum fundi. Var það samþykkt.

13. Eiríkur Þorláksson, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti, óskaði eftir því að fá að ávarpa fundinn. Lýsti hann yfir mikilli ánægju með fundarstörfin og þann samhljóm sem ríkir um tilgang og markmið félagsins. Jafnframt lýsti hann yfir mikilli ánægju með að breytingartillögur þær sem samþykktar voru skuli hafa skírskotun í viðmið safnaráðs um viðurkennd söfn. Þá taldi hann mikilvægt að farið væri að skoða stöðu náttúruminjasafna, sem mörg hver hafa ríkulegan safnkost og aðkomu þeirra að Sarpi. Taldi hann mikilvægt að leita samvinnu við Náttúrufræðistofnun um þróun á sviði skráningar náttúruminja. Loks minnti hann á það stóra verkefni sem snertir bæði ráðuneyti og hagsmunaaðila Sarps, en það er greiðsla fyrir höfundarétt. Vonaðist hann til að breytingar á höfundalögum sem nú liggja fyrir Alþingi geti greitt fyrir lausn á þessu, en lýsti jafnframt þeim vandamálum og spurningum sem menn standa frammi fyrir. Að því sögðu þakkaði hann góðar upplýsingar og gagnlegan fund.

Fundi slitið kl. 15:00.



Erla S. Árnadóttir, fundarstjóri



Guðbrandur Benediktsson, fundarritari